

Nd.

51. Frumvarp til laga

um breyting á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. lög nr. 3 27. marz 1925.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 11. gr. g-liðs (Blöð og timarit) komi: undir hvert $\frac{1}{2}$ kílógramm eða minni þunga 15 aurar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er farið fram á að lækka burðargjald undir blöð og timarit. Í póstlögunum er þetta burðargjald tvennskona: 25 aurar undir $\frac{1}{2}$ kg. á timabilinu 15. apríl til 14. október, og 50 aurar undir $\frac{1}{2}$ kg. á timabilinu frá 15. október til 14. apríl.

Burðargjald þetta er mjög hátt og miklu hærra en tíðkast í nágrennalöndunum. Þar sem póstflutningar á landi fara nú yfirleitt með bilum, virðist ósanngjarnt að halda lengur hinu háa burðargjaldi.

Í frv. er lagt til, að eitt og sama gjaldið verði allt árið undir blöð og timarit. Frv. er flutt af nefndinni eftir beiðni Bláðamannafélagsins.